

Fundargerð 59. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 15. september 2021 14:30-15:00

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Forföll: Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Fundargerðir 56., 57. og 58. stjórnarfunda
2. Upprifjun á stöðu starfsins
3. Umræður um starf vetrarins 2021-2022.
4. Tími og tíðni reglulegra stjórnarfunda.
5. Önnur mál

1. Fundargerðir 56., 57. og 58. stjórnarfunda

Samþykktar.

2. Upprifjun á stöðu starfsins

Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum kom út á dögunum. Í skýrslunni er félagið nefnt og sagt orðrétt: „skoða mætti hvernig nýta mætti þann vettvang [Vafri] frekar til að auka rannsóknir og bæta þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga“. Rætt var um aðkomu félagsins í umsögnum á reglugerðum.

3. Umræður um starf vetrarins 2021-2022

ST og HSP falið að gera drög að hádegisfundi um hvernig vatnsveitur eru búnar undir þurrka. Áhugavert að fá innlegg frá landsbyggðinni og mögulegar rannsóknir á sviði. Stefnt er að lengri fundum þar sem fólk getur hist, ef til vill einum um skólp og einum um ofanvatn, og svo vatnsveitutengda vísindaferð að vori.

4. Tími og tíðni reglulegra stjórnarfunda

Ákveðið var að hafa mánaðarlega stjórnarfundir á þessum tíma (kl. 14:30 á miðvikudögum).

5. Önnur mál

Félagsmönnum var boðið í útgáfuhóf á endurminningum Sveins Torfa Þórólfssonar "með grjót í vösunum" miðvikudaginn 1. September.

Fundi var slitið kl. 15:20.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is